



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 16. mars 2021 kl. 18:00

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH), Ragnar Róbertsson (RR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Árni Gunnlaugsson (ÁG),

Fjarverandi: Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Sigurbergur Eiríksson (SE), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Fylkir Jónsson (FJ), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS)

BH ritaði fundargerð.

1. Ársþing 2021

Ársreikningur liggur fyrir og hefur verið yfirfarinn.

Fjárhagsáætlun kynnt stjórn og hún yfirfarin.

Fjarfundarseta verður í boði fyrir aðra en þá sem hyggjast nýta atkvæði sitt á þinginu.

2. Styrkveitingar

Huga þarf að endurskoðun reglugerðar um styrkveitingar þar sem skýra þarf orðalag við uppgjör og annað því tengt. Þessu er vísað til næstu stjórnar.

3. Námskeið

Námskeið fyrir keppnishaldara verður haldið fimmtudaginn 25. mars kl. 20:00.

Námskeið fyrir dómnefndamenn og keppnisstjóra verður tveir dagar, fyrri hluti laugardaginn 10. apríl og síðari hluti mánudaginn 12. apríl.

Námskeið fyrir öryggisfulltrúa verða í boði annars vegar laugardaginn 17. apríl kl. 10:00 og hins vegar mánudaginn 10. maí kl. 18:00.

4. Umsagnargjald

Stjórn leggur til helmings lækkun á umsagnargjaldi og endurspeglast sú tillaga í fjárhagsáætlun sem lögð verður fyrir komandi þing.

5. Öryggisbúr

Ferli öryggisbúraúttekta hefur verið endurskoðað og skrásett að nýju. Þetta ferli verður sent öryggisnefnd til umsagnar. Í kjölfar umsagnar tekur nýtt ferli gildi og fær kynningu þar sem það á við.

6. FIA Motorsport Games

Akstursíþróttaleikar FIA kynntir fyrir stjórn. Ísland gæti mögulega átt fulltrúa í nokkrum greinum ef þetta yrði vel kynnt. Þar er líklegt að drift, rafíþróttir, gokart og svig væru efst á blaði. Stjórn felur formanni að fá Andreas Boysen til að skoða málið nánar.



7. Leyfi fyrir ljósmyndara 2021

Ferli myndbirtingaleyfis og skráning myndatökufólks yfirfarin og staðgengli framkvæmdastjóra falið að bæta úr ferlinu í kringum skráninguna.

8. Gull- og silfurmerki AKÍS

Stjórn samþykkti reglur um gull- og silfurmerki AKÍS sem veita má einstaklingum sem skarað hafa fram úr til lengri tíma í störfum fyrir sambandið og akstursíþróttir á Íslandi.

Stjórn hefur samþykkt að veita silfurmerki AKÍS á ársþingi 2021.

Ný stjórn ákveður næsta fund að loknu ársþingi 2021.

Fundi slitið kl. 19:30